

8

SÁÁ bjargaði lífi mínu



2

Álfurinn til bjargar



12

Ég var enginn alki



BLAÐ SAMTAKA ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN · 1. TÖLUBLAÐ · MAÍ 2011




BLAÐIÐ



ÞÓRARINN TYRFINGSSON:

Erum á leið 30 ár aftur í tímann

Í fyrra fór að bera á HIV SMITI í hópi sprautufikla á Íslandi. Nú verður að teljast óhætt að fullyrða að um faraldur sé að ræða. Það sem af er ári er vitað um sjö smit á meðal sprautufikla. Einu raunhæfu viðbrögðin er að koma smituðum einstaklingum í meðferð svo þeir hætti að smita aðra.



HIV faraldur á Íslandi

Þar til á síðasta ári var það næstum óþekkt að HIV veiran væri að berast á milli sprautufikla á Íslandi en nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að um faraldur sé að ræða. Það sem af er þessu ári er vitað um sjö HIV smit í þessum hópi.

mennum áróðri um að stunda öruggt kynlíf og nota hreinna nálar. Rannsóknir hafa hinsvegar sýnt að á Íslandi hafa fíklar jafn góðan, ef ekki betri, aðgang að hreinum nálum og annars staðar. Svo það er ekki vandamál í sjálfu sér hér á landi og miklu nær að horfa til þess að ná utan um þennan hóp og koma honum í meðferð í stað þess að reyna að forða hinum 300 þúsund sem búa á Íslandi frá smiti.

Öruggt kynlíf og hreinar nálar
Hvað er hægt að gera til stöðva þessa þróun?
„Öruggasta og besta leiðin er að ná þessum hópi út úr ruglinu og koma þeim í góða vímuefna meðferð“, segir Þórarinn og bendir á að auðvitað sé mikilvægt viðhalda al-

ástæða fyrir þessum smitum,“ segir Þórarinn og bendir á að fíkill í vímu geti verið skeytingarlaus og hann gæti þess ekki að ná í áhöld þótt aðgengi sé auðvelt. Fíklinum er jafnvel alveg sama um allt annað en vímunu af því að hann er fastur í fíkninni.


SJÓ HIV SMIT
HIV faraldurinn sem nú herjar á sprautufikla á Íslandi er með því alvarlega sem sést hefur hér á landi. Þetta hófst í fyrra og árið í ár lofar ekki góðu. Þvert á móti.

ÖRUGGASTA LEIÐIN ER AÐ NÁ ÞESSUM HÓPI ÚT ÚR RUGLINU OG KOMA ÞEIM Í GÓÐA VÍMUEFNAMÉÐFERÐ OG VIÐHALDA ALMENNUM ÁRÓÐRI UM AÐ STUNDA ÖRUGGT KYNLÍF OG NOTA HREINAR NÁLAR.

Ráðstefna um örvandi vímuefnafíkn í Von: SÁÁ BÆTIR MEÐFERÐINA

Þrátt fyrir erfiða tíma heldur SÁÁ áfram að sækja fram og bæta áfengis- og vímuefna meðferðina. Daga 9. -10. júní standa samtökin fyrir ráðstefnu í Von, Efstaleiti. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við bandarísku stofnunina NIDA (National Institute of Drug Abuse) og verður margt af besta fagfólki víðsvegar af úrheiminum á ráðstefnunni.

SÁÁ er mikil áhersla lögð á að meðhöndla það unga fólk sem er verst farið af vímuefnaneyslu. Oft eru það amfetamínfíklar sem sprauta efninu í æð. Þessir sjúklingar eru illa farnir og mjög erfið að veita þeim góða meðferð. SÁÁ reynir hinsvegar allt sitt til að búa þessu unga fólkni viðunandi meðferð og er í samvinnu við besta fagfólkið hér á landi og erlendis.



AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?

Af því að alkóhólismi er fjölskyldu-sjúkdómur okkar Íslendinga og kemur okkur öllum við.

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

ÚTIDÚR Hjómveitin Útidúr vakti mikla lukku en hér þenur söngkonan Raket Mjöll sín fögru raddbönd.

NÝFYNDNA KYNSLÓÐIN Ari Eldjárn er einn af þessum ungu grínistum sem hafa verið að gera allt vitlaust síðustu misseri. Hann mætti í Háskólabíó og hrærði í mannskapnum.

Mér eru enn minnisstæð orð finnskrar þjónustustúku sem ég spurði hvers vegna Finnar væru svona leiðinlegir og strangir þegar kæmi að því að loka börum snemma en um klukkan þrjú virðast allir barir í Helsinki læstir og allt rokk úr mönnum. Sú finnska leit á mig í forundran og spurði á móti hvort ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað áfengi hefði gert finnsku þjóðinni. Ekki þótti mér það áhugaverð hugleiðing há stundina. Orðin eru mér hins vegar minnisstæð og oft ættu Íslendingar að velja því fyrir sér hvað áfengi hefur gert íslensku þjóðinni. Í það minnsta skulum við hugleiða það ákkúrat þegar við mætum næsta álfasölu-manni frá SÁÁ.

Karen Kjartansdóttir fréttakona

Meðferð í kreppu

BARÁTTUFUNDUR í Háskólabíó:

ÓGMUNDUR OG SIGMAR Sigmar Guðmundsson hélt fundinum gangandi og hér biður hann Ógmund Jónasson velkominn í pontu.

ÞÓRARINN OG BUBBI Bubbi Morthens gefur alltaf eins og hann getur til SÁÁ. Hér eru þeir Þórarinn saman á góðri stundu.

BARÁTTUANDI Í HÁSKÓLABÍÓ Á hverju hausti fögnum við afmæli SÁÁ. Í fyrra var afmælið haldið í skugga niðurskurðar.

KIMBA KIMBA Efnilegasta hjómveit landsins er án efa Retro Stefons og þau mættu á fundinn í Háskólabíó og tóku Kimba Kimba ásamt fleiri lögum.

ÞRUSURÆÐUR Gleðin er við völd á afmælisfundinum á hverju ári en það er líka stutt í að gamanið kárni þegar á brattan er að sækja. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn mikilvægt að Íslendingar standi við bakið á SÁÁ.

Verð á flestum fíkniefnum hefur hvorki hækkað né lækkað:

VERÐBÓLGULAUS DÓPMARKAÐUR

Litlar breytingar er að finna á verði á ólöglegum vímuefnum samkvæmt nýjustu verðkönnun SÁÁ. Sjaldgæft er að sjá ekki marktækar verðbreytingar á þessum markaði en nú er lítil sem engin verðbólga í landinu og þar skýringuna að finna.

Gramm af hassi er á um 2.500 krónur, grasið á 3.600, amfetamínid enn í kringum fimm þúsund krónur og kókaínid í fimmtán þúsundum. Epillan kostar samkvæmt verðkönnun SÁÁ 3.000 krónur að meðaltali og Ritalin taflan er á um þúsund kall.

ENGIN VERÐBÓLGA
Fíkniefnamarkaðurinn virðist oft dansa í kringum verðbólguna á Íslandi. Hún er lítil sem engin núna og því stendur verð á dópi í stað.

Samtök Áhugafólks um Áfengis- og Vímuefnavandann

Aðalfundur SÁÁ

verður haldinn fimmtudaginn 26. maí 2011 kl. 17:00 í Von, Efstaleiti 7.

Dagskrá fundarins er:

- Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
- Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
- Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
- Kosning stjórnar, vara-stjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
- Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
- Önnur mál.

SÁÁ BJARGAÐI LÍFI MÍNU



AF HVERJU KAUPIR ÞÚ ÁLFINN?

Ég kaupi SÁÁ álfinn vegna þess að ég vil leggja mitt af mörkum til að starfsemi geti gengið sem best áfram. Hjá SÁÁ, sem eru frjáls félagasamtök, er unnið mjög gott starf til hjálpar fólki á öllum aldri sem

virkelega þarf á hjálp að halda til að ná aftur fötfestu í lífinu. Um leið vil ég hvetja alla til að gera slíkt hið sama. **Drifa Hjartardóttir bóndi**



Ég kaupi álfinn til að stuðla að bættum heimi. Bæði er áfurnin um fagur og í mínum huga tákni um viðleitni manna til að hjálpa öðrum. Ef hægt er að borga fyrir slíkt, þá geri ég það. **Eiríkur Guðmundsson rithöfundur**

Hvers vegna vilja menn selja mér SÁÁ álfinn? Hversvegna kaupi ég SÁÁ álfinn? Svarið við báðum spurningunum er að ég vil leggja mitt af mörkum til að hjálpa fólki í baráttu þess við ávanabindandi áhrif eiturlýfja í aliri mynd. Eg hef oft upplifað þá gleði að sjá fólk sem hafði sjfrsamlega sokkið eins langt og hægt er í neyslu fá tækifæri og aðstoð við að takast á við vanda sinn og ná sér fyllilega á strik. Geti ég hjálpað til að slíkt eigi sér stað með því að kaupa SÁÁ álf þá geri ég slíkt með gleði í hjarta. Og oft kaupi ég fleiri en einn. **Hörður Torfason tónlistarmaður**

Ég kaupi álfinn til þess að SÁÁ geti hjálpað þeim sem vegna ofneyslu hafa ekki getað horft í augu við raunverulegt líf, en vilja breyta því. Áfurnin óþnar dýrnar að heimi án blekkinga - og þótt hann sé lítil þá varðar hann veginn að frelsi svo ótal, ótal margra. Hann er nefnilega knár þótt hann sé smár og það búa í honum ómældir töfrar! **Vigdís Grímsdóttir rithöfundur**

Ég kaupi álfinn til þess að SÁÁ geti hjálpað þeim sem vegna ofneyslu hafa ekki getað horft í augu við raunverulegt líf, en vilja breyta því. Áfurnin óþnar dýrnar að heimi án blekkinga - og þótt hann sé lítil þá varðar hann veginn að frelsi svo ótal, ótal margra. Hann er nefnilega knár þótt hann sé smár og það búa í honum ómældir töfrar! **Vigdís Grímsdóttir rithöfundur**

MARTEINN ÞÓRSSON leikstjóri er bráðum búinn að vera edrú í tvö ár. Fyrir nokkrum árum flutti hann aftur heim frá Kanada. Sína fyrstu kvikmynd gerði hann í Bandaríkjunum og Rúmeníu, og í upphafi árs frumsýndi hann kvikmyndina Rokland við frábærar viðtökur. Hann ræddi listina og brennivíninu við *Mikael Torfason*.

Í DAG FINNST MÉR GAMAN AÐ VERA ALKÓHÓLISTI

„Ég fór í mína fyrstu meðferð á Vogu 2007,“ segir Marteinn Þórrsson leikstjóri þegar hann er beðinn að segja sögu sína af blessuðu brennivíninu. Hann borgaði fyrir meðferðina úr eigin vasa því hann bjó í Toronto þar sem hann hafði gengið í kvikmynda-skóla og unnið flest sín fullorðins ár. Hann hafði verið giftur og gert bíómynd (sem fór í aðalkeppni Sundance kvikmyndahátíðarinnar) og unnið við kvikmyndagerð í Kanada og Bandaríkjunum.

„Ég var alveg búinn á því,“ heldur Marteinn áfram og segir að Vogur hafi verið einhverskonar endastöð fyrir sig á þeim tíma. Hjónabandið farið í vaskinn og svo framvegis.

Vogur frábær „Ég man að mér fannst æðislegt á Vogu, alveg dásamlegt. Það var eins og ég væri kominn heim. Þetta var furðulegt heimili en ég fann frið frá umheiminum og frið í sálinni. Frið frá Bakkus. Vogur er dásamlegasta stofnun sem hægt er að hugsa sér, þar ríkir svo mikill kærleikur og umhyggja. Og þar er besta kæfa í heimi. Ég fór að sjá að það var möguleiki að lifa lífinu án áfengis, en það hafði ég talið algjört rugl áður. Ekki séns. Ég vildi ekki að nokkur maður tæki frá mér Bakkus, hann var vinur minn, eini vinur minn. En þarna kom glæta. Eftir Vog fór ég í M-hópin en kláraði ekki, því það voru sumarfrí,“ útskýrir Marteinn en hann tengdi sig heldur ekki inn í edrusamfélagið og því varð stutt í fallið.

Næstum tveimur árum síðar fór Marteinn aftur á Vog og fann á ný friðinn sem fylgir því að vera edrú. Pabbi hans, Þór Rúnar Baker, hafði látið úr alkóhólisma nokkrum mánuðum fyrr og það hafði haft djúpstæð áhrif á Marteinn sem ólst upp hjá móður sinni, Guðrúnu Sigursteinsdóttur og fösturpabba sínum, Birni Hauk Pálssyni, í Mosfellsbæ, elstur fjögurra bræðra (einn bræðra Marteins lést í bilslýsi).

„Þegar ég fór aftur á Vog vildi ég auðvitað líka vera edrú með konunni sem ég elska,“ segir Marteinn og á þar við samþylskonu sína Guðrúnu Evu Mínervudóttur rithöfund. „Þetta sinn kláraði ég M-hópin og tengdist edrusamfélaginu. Fann mig í sporunum, með yndislegu fólki. Ég var auðvitað skithæddur við þetta samfélag, og reyndar allt edrú fólki, og ég ætlaði ALDREI að ganga í þeirra hóp. En það er eitthvað með

„Hollywood is just a state of mind,“ sagði David Cronenberg mér eitt sinn. Maður vinnur bara þar sem manni líður vel og maður telur sig hafa eitthvað að segja sem listamaður,“ útskýrir Marteinn, ánægður með að vera á Íslandi að gera það sem hann langaði alltaf til að gera: Bíó.

Playstation og pianó Við það að hætta að drekka hefur lífsstíllinn líka breyst gríðarlega: „Ég afkasta miklu meira. Ég er með nokkur verkefni í gangi, mörg handrit. Ég er mikið heima hjá mér



MYND: GUNNAR GUNNARSSON

>> MARTEINN ÞÓRSSON Í UPPHAFI ÁRS FRUMSÝNDI MARTEINN KVIKMYNDINA ROKLAND VIÐ GÓÐAR VIÐTÖKUR OG HANN ER MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM ENDA MIKLU ORKUMEIRI EN HANN HEFUR VERIÐ ÁRUM SAMAN.

ur og ólátur við að elda fyrir vini og kunningja. „Ég elska fjölskylduna mína og hef aftur náð að tengja við mömmu, fösturpabba og bræður mína yndislegu,“ segir Marteinn aðspurður um hvað gefi lífinu gildi. „Ég hef líka gaman af því að veida og hlakka til að fara seint í sumar, norður í Kolkú og Hjaltdalsá að veida sjóbirting með fjölskyldunni. Eva gaf mér piano sem ég stefni á að læra einhvern tíma að spila á, svona þegar ég kemst yfir Playstation íkinn.“

Hann drakk bara mikið Lífið hefur verið mikið ferðalag hjá Marteinni Þórrssyni. Hann byrjaði sjálfur að drekka sextán ára og fannst það ekki gott þótt hann hafi fljótlega komist upp á lagið með það. „Fyrsta alvöru fyllerið mitt var á ársbátíð Lúðrasveitar Verkalyðsins og þau urðu ansi mörg áður en yfir lauk. Áfengi var geölyf fyrir mér, ég ólaðist fríu við að drekka, losnaði við minnimáttarkenn, þunguþing og feimni. Ég lærði að elska Bakkus meira en allt annað en ég bar þetta

ágætlega (þrátt fyrir mörg slæm fylleri) þangað til uppur þrítugu. Ég fékk hreinlega nóg og ég var orðinn mjög mjög slæmur undir það síðasta og bara gafst upp, en það tók nokkrar tilraunir eins og ég hef sagt þér. Tvö föll og ég vona innilega að ég falli aldrei aftur. Ég er ekki búinn að vera edrú nema í tæplega 2 ár.“ Það þyrfti fleiri síður til að fara yfir feril Marteins. Hann menntaði sig í Ryerson University og starfaði lengi í Kanada eins og fyrr segir. Hann vann einnig við gerð Sigla

himinleyf eitt sumarið og átti viðkomu í gamla góða Dagsljósi Sjónvarpsins og frameiddi og þróaði fréttaskýringarþáttinn Kompás með Jóhannesi Kr. Kristjánssyni, en þeir félagar hlutu Edduna fyrir þáttinn árið 2006. Honum er minnstætt að hafa látið blóðföður sinn gera sig gjaldþrota sumarið 1993. Karlinn var þá nýbúinn að kaupa Kjörbúð Péturs á horni Laugavegs og Skólavörðustígs (þar sem nú er pöbblinn Kofi Tómasar frænda).



FÓSTURPABBI OG BRÆÐUR Marteinn ólst upp ásamt þrem bræðrum, mömmu sinni og fösturpabba, honum Birni Hauki Pálssyni.



HAMINGJAN Í GRÍMSEY Samþylskona Marteins er Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur.



MARTEINN OG PABBI Þór Rúnar, pabbi Marteins, lést úr alkóhólisma fyrir rúnum tveimur árum. Hann náði aldrei bota.



TÖKUDAGAR Hér er Marteinn við tölur á Roklandi, sinni nýjustu kvikmynd.



Á GLÖÐUM DEGI Það er auðvitað allt annað líf að vera án áfengis. Hér eru bræðurnir Matti, Jói og Palli að syngja fyrir mömmu, Guðrúnu Sigursteinsdóttur.



ROKLAND Bíómyndin fékk góðar viðtökur.



ÁSTRÍÐAN Marteinn og vinur hans Jeff (með skegg) við tölur á One Point O en hún fór alla leið í aðalkeppni Sundance kvikmyndhátíðarinnar.



LITLI KÚTUR Marteinn ólst upp í Mosfellsbæ og hér er hann sakleysið uppmálað.



100 ÁRA
HÚÐUMÖNNUN
ALLA ÆVI

KREMIÐ SEM TREYST HEFUR VERIÐ
FYRIR HÚÐUMÖNNUN Í 100 ÁR

